



# Stykkishólmurbær

## Endurskoðunarskýrsla 2018

Ársreikningur 2018

Apríl 2019

# Inngangur

Stykkishólmur, 30. apríl 2019

Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar

Ársreikningur Stykkishólmsbæjar fyrir árið 2018 er lagður fyrir bæjarstjórn til fyrri umræðu 30. apríl 2019. Við munum árita hann samhliða afgreiðslu og áritun bæjarstjórnar við síðari umræðu með fyrirvaralausri áritun, komi ekki fram mikilvægar viðbótarupplýsingar sem geta haft áhrif á álit okkar.

Við höfum endurskoðað ársreikning sveitarfélagsins en hann hefur að geyma ársreikning fyrir þær rekstrareiningar sem falla undir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og ársreikning fyrir alla starfsemi þess, þ.e. A og B hluta, sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Endurskoðunin var framkvæmd í samræmi við alþjóðlega staðla um endurskoðun eins og lýst var í bréfi okkar um endurskoðun dagsettu 12. desember 2018.

Afrit:

Jakob Björgvin Jakobsson, bæjarstjóri

Þessi skýrsla inniheldur niðurstöður endurskoðunar okkar og er ætlað að upplýsa um atriði sem komu í ljós við endurskoðunina og við teljum að eigi erindi við ykkur.

Hér á eftir fara ýmsar upplýsingar um ársreikninginn og endurskoðunina ásamt ábendingum og athugasemdum eftir því sem við á.

Við komum jafnframt ábendingum til stjórnenda á framfæri með sérstökum skýrslum til bæjarstjóra þar sem settar eru fram ítarlegri ábendingar varðandi innra eftirlit, fjárhagskerfi og stjórnsýslu.

Við munum veita allar frekari upplýsingar um endurskoðunina og efni skýrslunnar ef óskað verður eftir því.

Við viljum benda ykkur á mikilvæg atriði á blaðsíðu 42 sem útskýra:

- tilganginn með skýrslunni,
- hvaða takmarkanir eru á vinnunni sem fram fór,
- takmörkun á dreifingu skýrslunnar.

## Frekari upplýsingar í tengslum við skýrsluna veita:

Haraldur Örn Reynisson  
Hluthafi og löggiltur endurskoðandi  
[hreynisson@kpmg.is](mailto:hreynisson@kpmg.is)

Magnús Jónsson  
Hluthafi og löggiltur endurskoðandi  
[magnusjonsson@kpmg.is](mailto:magnusjonsson@kpmg.is)

# Efnisyfirlit

Niðurstaða endurskoðunar	4
Fyrirhuguð áritun óðháðs endurskoðanda	5
Áherslur í endurskoðun	6
Niðurstaða í samanburði við fjárhagsáætlun	19
Rekstrarreikningur	25
Efnahagsreikningur	26
Sjóðstreymisyfirlit	28
Rekstur A hluta á árinu 2018	29
Rekstur B hluta á árinu 2018	30
Áætlun um rekstur, fjármögnun og fjárfestingu árin 2019-2022	32
Endurskoðunarmismunir	40
Upplýsingar sem skylt er að veita bæjarstjórn	41
Fyrirvarar	42

# Niðurstaða endurskoðunar

## Mikilvægi



Mikilvægismörk í endurskoðuninni voru ákvörðuð 40 millj. kr. sem eru um 3% af heildartekjum.

## Greint frá skekkjum yfir



2 m.kr.

Skekkjur hærri en 2 millj. kr. fara á lista yfir óleiðréttá mismuni.

## Veikleikar í innra eftirliti

Við viljum benda á að sökum fámennis er aðgreining starfa í ákveðnum tilfellum ekki með fullnægjandi hætti. Stjórnendur sveitarfélagsins eru meðvitaðir um þann veikleika í innra eftirliti.

Við komum auk þess á framfæri ábendingum um veikleika í innra eftirliti sem ekki teljast verulegir en tækifæri eru til úrbóta.

## Endurskoðunarmismunir

Ekki var um endurskoðunarmismuni að ræða hjá sveitarfélaginu, hvorki leiðréttá né óleiðréttá.

## Óafgreidd mál

- Áritun endurskoðanda
- Staðfestingarbréf stjórnenda
- Afgreiðsla og áritun bæjarstjórnar

## Áherslur í endurskoðun

- 1) Innra eftirlit og fjárhagskerfi
- 2) Stjórnsýsluskoðun
- 3) Önnur áhersluatriði

## Stjórnsýsluendurskoðun

Við stjórnsýsluskoðun okkar komu ekki fram verulegir veikleikar.

Við höfum hins vegar komið á framfæri ábendingum um veikleika sem ekki teljast verulegir en tækifæri eru til úrbóta.

# Fyrirhuguð áritun óháðs endurskoðanda

## Áritun óháðs endurskoðanda

Til bæjarstjórnar Stykkishólmsbæjar.

### Áritun um endurskoðun ársreikningsins

#### Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Stykkishólmsbæjar fyrir árið 2018 sem hefur að geyma ársreikning fyrir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og ársreikning fyrir A og B hluta. Hann greinist í rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu sveitarfélagsins 31. desember 2018 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2018, í samræmi við lög um ársreikninga og sveitarstjórnarlög.

#### Grundvöllur álits

Við endurskoðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð sveitarfélaginu í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur, International Ethics Standards Board for Accountants Code of Ethics for Professional Accountants (IESBA Code) og siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðis skyldur okkar í samræmi við þær reglur og IESBA Code. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

#### Ábyrgð bæjarstjórnar og bæjarstjóra á ársreikningnum

Bæjarstjórn og bæjarstjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og sveitarstjórnarlög og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber bæjarstjórn og bæjarstjóra að leggja mat á rekstrarhæfi sveitarfélagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi nema það sé ekki lengur til staðar.

Bæjarstjórn og bæjarstjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

#### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að ólæst hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beittum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits sveitarfélagsins.
- Metum við hvort reikningskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

## Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

- Ályktum við um hvort notkun bæjarstjórnar og bæjarstjóra á forsendu reikningskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um áframhaldandi rekstrarhæfi sveitarfélagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni haft neikvæð áhrif á rekstrarhæfi sveitarfélagsins.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.
- Öflum við nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna um fjárhagsleg málefni rekstrareininga sem falla undir A og B hluta starfsemi sveitarfélagsins til að geta gefið álit á ársreikningnum. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, eftirliti og framkvæmd endurskoðunar sveitarfélagsins og berum óskipta ábyrgð á áritun okkar.

Við upplýsum bæjarstjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atvöri sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Við lýsum því einnig yfir við bæjarstjórn að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óháði og upplýsum um tengsl eða önnur atvöri sem gætu mögulega talist hafa áhrif á óháði okkar og þegar við á, til hvaða vamaráðgerða við höfum gripið.

#### Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu bæjarstjóra og bæjarstjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Borgarnes,  
KPMG ehf.

## 1 Innra eftirlit og fjárhagskerfi

### Innra eftirlit

#### Áhættan

Innra eftirlit og virkni þess er veigamikill þáttur í að tryggja áreiðanleika fjárhagsupplýsinga, örugga meðferð og vörslu fjármuna og að ekki hljóttist tjón af villum, mistökum eða misnotkun.

### Okkar viðbrögð

Við endurskoðun okkar á ársreikningi 2018 höfum við tekið mið af innra eftirliti og fjárhagskerfi sveitarfélagsins. Með innra eftirliti er m.a. átt við verklagsreglur þar sem kveðið er á um meðferð skjala og ábyrgðar- og verkaskiptingu og hafa að markmiði að tryggja áreiðanlegt bókhald, örugga meðferð og vörslu fjármuna og að ekki hljóttist tjón af villum, mistökum eða misnotkun.

Endurskoðun okkar byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sveitarfélagsins.

#### Niðurstaða

- Samhliða vinnu okkar við endurskoðunina höfum við komið ábendingum okkar á framfæri við stjórnendur og starfsmenn sveitarfélagsins eftir því sem við hefur átt hverju sinni. Auk þess komum við ábendingum til bæjarstjóra í sérstakri skýrslu þar sem settar eru fram ábendingar varðandi innra eftirlit og önnur atriði sem tengjast vinnu okkar.
- Við viljum benda á að sökum fámennis er aðgreining starfa í ákveðnum tilfellum ekki með fullnægjandi hætti. Stjórnendur sveitarfélagsins eru meðvitaðir um þann veikleika í innra eftirliti.
- Munum við fylgja ábendingum okkar eftir við endurskoðunarvinnu vegna ársins 2019.
- Við viljum taka fram að stjórnendur hafa almennt brugðist með viðeigandi hætti við ábendingum okkar frá fyrra ári og komið af stað vinnu við úrbætur.

## 1 Innra eftirlit og fjárhagskerfi, frh.

### Mögulega sniðganga stjórnenda á eftirliti

#### Áhættan

Stjórnendur eru almennt í þeirri aðstöðu að geta átt við fjárhagsfærslur og sett fram röng reikningsskil með því að sniðgagna eftirlitsaðgerðir sem annars virðast vera skilvirkar og þannig viðhaft sviksemi.

Endurskoðendum er skylt að framkvæma aðgerðir sem miða sérstaklega að því að komast að raun um ef stjórnendur hafa sniðgengið eftirlit.

### Okkar viðbrögð

Við prófuðum virkni eftirlits með færslum og lokafærslum.

Við máttum hvort breytingar milli ára á aðferðum og forsendum við reikningshaldslegt mat væru viðeigandi.

Við skoðum hvort verulegar færslur, sem eru ekki hluti af hefðbundinni starfsemi sveitarfélagsins eða eru á annan hátt óvanalegar, væru til staðar og ef svo er hvort bókhaldsleg meðferð væri viðeigandi.

Við leituðum að sviksemisfærslum með sjálfvirkum aðgerðum og gagnagreiningum.

#### Niðurstaða

Engar vísbendingar komu fram um sniðgöngu stjórnenda á innra eftirliti.

## 2 Stjórnsýsluskoðun

### Áhættan

Lagareglur gilda um form ákvarðana um álagningu skatta og þjónustugjalda og ákvarðana um hvers kyns útgjöld sveitarfélaga.

Séu ákvarðanir ekki teknar í samræmi við lög kann að leika vafi á heimildum til álagningar skatta og gjalda og ráðstöfunar fjármuna.

### Okkar viðbrögð

Samkvæmt 3. mgr. 72. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 skulu endurskoðendur sveitarfélaga meðal annars „kanna hvort fullnægjandi heimildir hafi verið fyrir útgjöldum og hvort almenn stjórnsýsla sveitarfélags og einstakar ákvarðanir af hálfu þess eru í samræmi við reglur um fjármál sveitarfélags, ábyrga fjármálastjórn og upplýsingaskyldu sveitarfélaga.“

Var í því sambandi kannað hvort sveitarstjórn hafi fylgt ákvæðum laga, reglna og samþykktu er lúta að stjórnsýslu, svo sem sveitarstjórnarlögum og lögum um tekjustofna sveitarfélaga.

### Niðurstaða

Ekki komu fram verulegar athugasemdir við stjórnsýsluskoðun okkar.

Við viljum taka fram að samhliða stjórnsýsluskoðun okkar höfum við komið ábendingum okkar á framfæri við stjórnendur sveitarfélagsins eftir því sem við hefur átt hverju sinni.

Auk þess komum við ábendingum til bæjarstjóra í sérstakri skýrslu þar sem settar eru fram ábendingar varðandi stjórnsýslu og önnur atriði sem tengjast vinnu okkar.

Munum við fylgja ábendingum okkar eftir við endurskoðunarvinnu vegna ársins 2019.





## 3 Önnur áhersluatriði (1)

### Varanlegir rekstarfjármunir

- Varanlegir rekstarfjármunir fyrir A og B hluta námu um 2.666 millj. kr. í árslok eða um 85% af heildareignum sveitarfélagsins. Sama hlutfall árið áður nam 89%.
- Gjaldfærðar afskriftir ársins námu 78 millj. kr.
- Fjárfestingar í varanlegum rekstarfjármunum námu 119 millj. kr. á árinu samanborið við 381 millj. kr. á árinu 2017. Vega þar þyngst:
  - Fjárfesting Eignasjóðs í Amtsbókasafni, Grunnskóla og Tónlistarskóla að fjárhæð 46 millj. kr.
  - Fjárfesting Eignasjóðs í Leikskóla að fjárhæð 4 millj. kr.
  - Fjárfesting Eignasjóðs í gatnamannvirkjum vegna deiliskipulags og framkvæmdakostnaðar fjárhæð 17 millj. kr.
  - Fjárfesting Eignasjóðs í tækjum og búnaði fyrir áhaldahús og að fjárhæð 9 millj. kr.
  - Framkvæmdakostnaður Fráveitu að fjárhæð 13 millj. kr.
- Nánari sundurliðun á fjárfestingum ársins er í skýringu 8b í ársreikningi.
- Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru færðar á gangvirði eða núvirði framtíðarleigutekna samkvæmt fyrirliggjandi leigusamningum sé það lægra. Lóðir og lendur eru endurmetnar á hverjum reikningsskiladegi og endurmat er fært á eiginfjárreikning. Endurmat er fært ef breyting frá bókfærðu verði nemur 5% eða meira. Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru ekki afskrifaðar.
- Endurmat lóða og lendna á árinu nemur 103 millj. kr.



## 3 Önnur áhersluatriði (2)

### Stofnframlög og eignarhlutir í félögum

- Stofnframlög og eignarhlutir A og B hluta í félögum nema alls 169 millj. kr. í árslok samkvæmt efnahagsreikningi 2018, samanborið við 157 millj. kr. í árlök 2017.
- Stærstu eignarhlutirnir eru 2,0% eignarhlutur í Lánasjóði sveitarfélaga ohf. sem bókfærður er á 93 millj. kr. og 27,0% eignarhlutur í Jeratúni hf. Jeratún ehf. telst því hlutdeildarfélag Stykkishólmsbæjar.
- Á árinu 2018 eru eignarhlutir í eigu Framkvæmdasjóðs færðir yfir í Aðalsjóð samhliða því að Framkvæmdasjóður Stykkishólmsbæjar er lagður niður. Bókfært verð eignarhluta sem færðir voru yfir í Aðalsjóð nam 66,8 millj. kr. en auk þess er fjárfest í auknu hlutafé í Jeratúni hf. um 2,2 millj. kr. Samtals nemur fjárfesting Aðalsjóðs í eignarhlutum 69,0 millj. kr. Líkt og sjá má í sjóðstreymisyfirliti ársins 2018 í ársreikningi.
- Við endurskoðun okkar á eignarhlutum í félögum yfirförum við m.a. mat á eignarhlutum og réttmæti reikningshaldslegrar meðferðar þeirra. Samtals nam niðurfærsla eignarhluta 25 þús. kr. í árslok.

## 3 Önnur áhersluatriði (3)

### Óinnheimtar tekjur

### Aðrar skammtímakröfur

- Útsvar og fasteignaskattur ársins námu 762 millj. kr. samanborið við 709 millj. kr. á fyrra ári. Það svarar til 7,5% hækkunar á milli ára.
- Samkvæmt efnahagsreikningi námu óinnheimtar skatttekjur 48 millj. kr. í árslok samanborið við 59 millj. kr. á fyrra ári. Aðrar óinnheimtar tekjur námu 46 millj.kr. Í árslok samanborið við 51 millj.kr. á fyrra ári.
- Óbein niðurfærsla óinnheimtra skatttekna nam 8,7 millj. kr. í árslok, samanborið við 7,1 millj. kr. á fyrra ári og hækkar því niðurfærslan um 1,6 millj. kr. milli ára. Hækkun niðurfærslu er færð til lækkunar á skatttekjum. Óbein niðurfærsla annarra tekna nam 2,6 millj.kr. Í árslok, samanborið við 3,1 millj.kr. á fyrra ári og lækkar því um 0,6 millj.kr. milli ára.
- Niðurfærsla skatttekna er meðal annars metin út frá greiningu á eftirstöðvum útsvars sem lagt er á gjaldendur utan staðgreiðslu. Hlutfall óbeinnar niðurfærslu af óinnheimtu útsvari nemur 89% í árslok. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreykingur sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá óinnheimtum skatttekjum í árslok í efnahagsreikningi.
- Við endurskoðun okkar staðfestum við m.a. skattkröfur með samanburði við ytri gögn, framkvæmdum prófanir á eftirlitsaðgerðum og fórum yfir mat stjórnenda á niðurfærslu krafna.
- Samkvæmt efnahagsreikningi námu aðrar skammtímakröfur A og B hluta 5,2 millj. kr. í árslok, samanborið við 2,7 millj. kr. á fyrra ári.

## 3 Önnur áhersluatriði (4)

### Lífeyrisskuldbinding

### Búseturéttur

- Á sveitarfélaginu hvílir skuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna sveitarfélagsins. Breyting á lífeyrisréttindum, sem byggð er á útreikningi tryggingastærðfræðings, er færð í rekstrarreikning og til hækkunar á lífeyrisskuldbindingunni. Greiddur lífeyrir á árinu er færður til lækkunar á lífeyrisskuldbindingunni.
- Lífeyrisskuldbindingin nam 253 millj. kr. í árslok 2018 og nemur heildarhækkun ársins 22 millj. kr. en á móti námu lífeyrisgreiðslur ársins 11 millj. kr., þannig að samantekin hækkun ársins nemur 11 millj. kr.
- Endurskoðun lífeyrisskuldbindinga felur meðal annars í sér mat á hæfi tryggingastærðfræðings sem reikninga skuldbindingu, yfirferð á undirliggjandi gögnum og forsendum og greiningaraðgerðir.
- Í ársreikningi 2018 er búseturéttur íbúa færður upp sem skuldbinding miðað við uppreiknaðan verðbættan höfuðstól innborgunar. Skuldbinding vegna búseturéttar nam 67 millj. kr. í árslok 2018, samanborið við 65 millj. kr. á fyrra ári.

## 3 Önnur áhersluatriði (5)

### Skuldir við lánastofnanir

### Aðrar skammtímaskuldir

- Skuldir A og B hluta við lánastofnanir nema samtals 1.809 millj. kr. og skiptast í langtímalán að fjárhæð 1.654 millj. kr. og næsta árs afborganir langtímalána að fjárhæð 155 millj. kr. Þar af nema skuldir A hluta 1.442 millj. kr. Langtímaskuldir sveitarfélagsins hafa hækkað um 298 millj. kr. á árinu.
- Lánasafn sveitarfélagsins eru allt verðtryggt og bera lánin 0,5– 6,55% vexti.
- Framangreindar skuldir eru færðar í efnahagsreikning í árslok eins og lánskjör segja til um.
- Ársbreyting vísitölu neysluverðs til verðtryggingar nam um 3,25% á árinu og námu verðbólguáhrif til hækkunar á höfuðstól verðtryggðra lána 57 millj. kr. á árinu.
- Áætlaðar næsta árs afborganir A og B hluta af langtímalánum á árinu 2019 eru 155 millj. kr. og í því sambandi má benda á að veltufé frá rekstri sveitarfélagsins nam 157 millj. kr. á árinu 2018.
- Veltufé frá rekstri er til lengri tíma ætlað að standa undir afborgunum langtímalána auk fjárfestinga. Mikilvægt er að rekstur skili nægjanlegum fjármunum til að standa undir greiðslu þeirra skuldbindinga sem á sveitarfélaginu hvíla.
- Við endurskoðun okkar höfum við m.a. aflað staðfestinga frá fjármálastofnunum um stöðu skulda í árslok, beitt greiningaraðgerðum og yfirfarið framsetningu.
- Samkvæmt efnahagsreikningi námu aðrar skammtímaskuldir A og B hluta 193 millj. kr. í árslok 2018 samanborett við 269 millj. kr. í árslok 2017. Meðal annarra skammtímaskulda eru ógreidd laun og launatengd gjöld að fjárhæð 91,4 millj. kr. og skuldir við lánardrottna að fjárhæð 30, millj. kr.

## 3 Önnur áhersluatriði (6)

### Skuldbindingar utan efnahags

- Sveitarfélagið er ásamt öðrum sveitarfélögum aðili að eftirtöldum stofnunum; Héraðsnefnd Snæfellinga, Byggðasamlag Snæfellinga, Félags- og skólaþjónusta Snæfellinga, Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi, Byggðasamlag um málefni fatlaðs fólks á Vesturlandi.
- Sveitarfélagið undirritaði á árinu 2016 samning við verktaka um sorphirðu og rekstur gámasvæðis, samningurinn er til fimm ára og er framlengjanlegur um ár í senn þó að hámarki til sjö ára eða til ársloka 2021. Í framangreindum samningi eru ákvæði um byggingu flokkunarskemmu á lóð gámasstöðvar í Stykkishólmi auk þess sem í samningi eru ákvæði um skyldur Stykkishólmsbæjar til kaupa eða leigu á umræddri flokkunarskemmu við samningslok. Kaupverð skal vera bókfært verð í bókhaldi verksala, tengt vísitölu neysluverðs, með grunnvísitölu í ágúst 2016 og skulu afskriftir nema 2,25% á ársgrundvelli.
- Við lok framkvæmdatíma skal hið bókfærða verð vera staðfest af skipulags- og byggingafulltrúa ásamt endurskoðanda Stykkishólmsbæjar. Staðfest bókfært verð liggur ekki fyrir að svo stöddu en reiknað er með því að það verði staðfest á árinu 2019 samhliða lokum framkvæmda við fasteignina.
- Við viljum benda á mikilvægi þess að samningsaðilar yfirfari túlkun einstaka ákvæða framangreinds samnings um sorphirðu og rekstur gámasvæðis. Þar eigum við sér í lagi við atriði á borð við leigufjárhæð, komi til leigu fremur en kaupa á fasteigninni að samningstíma loknum. Í samningi er vísað til fylgiskjals varðandi kaup- og leiguverð en ekki verður séð á fylgiskjali samnings að fjallað sé um annað en útreikning kaupverðs.
- Skýrt þarf að vera með hvaða hætti útreikningi á verðbótapætti ákvæðis er hagað við útreikning á kaupverði/skuldbindingu sem í samningi felst.

## 3 Önnur áhersluatriði (7)

### Ábyrgðarskuldbindingar

### Framsetning ársreiknings

- Í reglugerð nr. 1212/2015, um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga, sem tók gildi hinn 1. janúar 2016 skulu sveitarfélög árlega útbúa ábyrgða- og skuldbindingayfirlit og skal það staðfest samhliða staðfestingu ársreiknings hvers árs. Í yfirlitinu skulu koma fram upplýsingar um verkefni sem rekin eru á ábyrgð sveitarfélagsins. Einnig skulu koma fram upplýsingar um ábyrgðir sem sveitarfélagið hefur veitt til fyrirtækja eða verkefna. Fyrir hvert fyrirtæki eða verkefni skal veita samandregnar fjárhagsupplýsingar á tilteknu formi.
- Við vekjum athygli stjórnenda á ofangreindum skyldum sveitarfélagsins
- Við höfum kannað að fylgt hafi verið viðurkenndum reikningskilaaðferðum við framsetningu og gerð ársreikningsins og mat einstakra liða og að hann hafi að geyma þær upplýsingar um rekstur og fjárhagsstöðu sveitarfélagsins sem lög og reglur mæla fyrir um.
- Ársreikningur sveitarfélagsins er saminn í samræmi við sveitarstjórnarlög og lög um ársreikninga að því marki sem þau gilda um ársreikninga sveitarfélaga. Í því felst að almennar reglur ársreikningalaga gilda um ársreikninga sveitarfélaga en ekki sértækar reglur þeirra.

## 3 Önnur áhersluatriði (8)

### Skammtímaskuldir B hluta við A hluta

### Langtímaskuldir B hluta við A hluta

- Í árslok 2018 námu skammtímaskuldir B hluta fyrirtækja Stykkishólmsbæjar við Aðalsjóð um 33,2 millj. kr. samanborið við 5,7 millj. kr. árið áður.
- Rétt er að taka fram að niðurfærsla Aðalsjóðs á kröfu á Dvalarheimili nemur 6,0 millj. kr. sem færð er til lækkunar á kröfu Aðalsjóðs í A hluta. Ekki er um endanlega afskrift að ræða heldur varúðarniðurfærslu í samræmi við mat stjórnenda.
- Í árslok 2018 námu langtímaskuldir B hluta fyrirtækja Stykkishólmsbæjar við Aðalsjóð um 71,1 millj. kr. að teknu tilliti til óbeinnar niðurfærslu að fjárhæð 80 millj. kr. á kröfu Aðalsjóðs á Dvalarheimili aldraðra í Stykkishólmi.
  - Krafa á Dvalarheimili, að teknu tilliti til niðurfærslu, 4,5 millj. kr.
  - Krafa á Fráveitu, 66,6 millj. kr. þar af skammtímahluti 15,6 millj. kr.
- Á árinu er samþykktur viðauki sem hefur veruleg áhrif á rekstur- og efnahag A hluta Stykkishólmsbæjar. Vísast til skýrslu bæjarstjóra og bæjarstjórnar í þeim efnum auk þess sem getið er um rekstraráhrif viðauka í skýringu 7 í ársreikningi. Einnig er fjallað nánar um áhrifin síðar í þessari skýrslu. Áréttum við mikilvægi þess að lesendur kynni sér þær aðgerðir sem þar er farið í og eins skiptis áhrif þeirra á rekstur og viðkomu A hluta. Framangreindar aðgerðir hafa ekki áhrif á rekstur og efnahag A og B hluta Stykkishólmsbæjar.
- Mikilvægt er að áætlanir sveitarfélagsins geri ráð fyrir jafnvægi í rekstri B hlutafyrirtækja og þurfi til þess framlög frá A hluta sé gert ráð fyrir þeim í samþykktum fjárhagsáætlunum.



## 3 Önnur áhersluatriði (9)

### Uppgjör lífeyrisskuldbindinga vegna A deildar Brúar lífeyrissjóðs

- Með setningu laga nr. 127/2016 var lögum um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins breytt og hafði sú breyting áhrif á A deild Brúar lífeyrissjóðs sem núverandi og fyrrverandi starfsmenn sveitarfélagsins eru aðilar að. Áður eða þann 28. október 2016 skrifuðu ríki og sveitarfélög undir samkomulag um uppgjör áfallins og framtíðar halla A deildarinnar auk varúðarsjóðs.
- Á árinu 2017 voru samþykkt bráðabirgðaákvæði við reglugerð nr. 1212/2015 varðandi reikningshaldslega meðferð uppgjors.
- Framangreint samkomulag hefur áhrif á Aðalsjóð í A hluta. Í janúar 2018 samþykkti sveitarstjórn Stykkishólmsbæjar samkomulag um uppgjör við Brú á grundvelli ofangreinds og var samkomulagið undirritað í febrúar 2018. Uppgjörið miðaði við tryggingafræðilega stöðu sjóðsins þann 31. maí 2017 og tók til starfsmanna sveitarfélagsins auk hlutdeildar Stykkishólmsbæjar í skuldbindingu Héraðsnefndar Snæfellinga. Samkvæmt samkomulagi við Brú nemur heildarframlagið 177,5 millj. kr. sem skiptist í jafnvægis- lífeyrisauka- og varúðarsjóð.
- Fyrirframgreidd framlög vegna ofangreinds uppgjors við Brú eru færð til eignar í efnahagsreikningi sem fyrirframgreiddur kostnaður. Sá hluti sem verður gjaldfærður 2019 er færður meðal veltufjármuna en það sem kemur til gjaldfærslu síðar er fært meðal fastafjármuna.
- Gjaldfærðar eru 4,9 millj. kr meðal launa og launatengdra gjalda á árinu 2018 vegna þessa.
- Fyrirframgreiðsla næsta árs meðal veltufjármuna 4,9 millj. kr.
- Langtímahluti fyrirframgreiðslu 126,3 millj.kr
- Sjá nánar í skýringu 10 í ársreikningi Stykkishólmsbæjar 2018



## 3 Önnur áhersluatriði (10)

### Skatttekjur

- Skatttekjur og framlög Jöfnunarsjóðs eru um 63,2% af tekjum sveitarfélagsins árið 2018 samanborið við 63,6% árið 2017.
- Við endurskoðun okkar á útsvari og framlögum frá Jöfnunarsjóði var stuðst við ytri gögn frá Fjársýslu ríkisins og Jöfnunarsjóði og samanburði við önnur gögn.

### Aðrar tekjur

- Aðrar tekjur nema um 36,8% af heildartekjum sveitarfélagsins samanborið við 36,4% árið áður.
- Endurskoðun annarra tekna fól m.a. í sér greiningaraðgerðir, staðfestingar við undirliggjandi gögn, yfirferð með stjórnendum á helstu frávikum frá fjárhagsáætlun og samanburði við fyrra ár.

### Laun og launatengd gjöld

- Laun og launatengd gjöld nema 61,3% af heildartekjum sveitarfélagsins samanborið við 61,6% árið áður.
- Endurskoðun launa og launatengdra gjalda felur meðal annars í sér framkvæmd greiningaraðgerða, yfirferð og prófanir á eftirlitsaðgerðum tengdum launaferli auk staðfestinga samkvæmni gjaldfærslu fjárhagsbókhalds og útreiknings launakerfis.

### Annar rekstrarkostnaður

- Annar rekstrarkostnaður nemur 25,5% af heildartekjum sveitarfélagsins samanborið við 26,9% árið áður.
- Endurskoðun felur í sér greiningaraðgerðir, yfirferð með stjórnendum á helstu frávikum frá fjárhagsáætlun og fyrra ári og prófanir á eftirlitsaðgerðum tengdum öðrum rekstrarkostnaði. Farið er yfir samþykki kostnaðarreikninga og staðfest að það sé í samræmi við úthlutaðar heimildir.

# Niðurstaða í samanburði við fjárhagsáætlun, viðaukar



Rekstrarniðurstaða A hluta	A hluti		
	Ársreikningur 2018	Áhrif viðauka 2 og 3	Afkoma án viðauka
Útsvar og fasteignaskattur	766.678	0	766.678
Framlög Jöfnunarsjóðs	257.452	0	257.452
Aðrar tekjur	245.623	0	245.623
	1.269.753	0	1.269.753
Laun og launatengd gjöld	778.091	0	778.091
Framlag vegna A deildar Brúar	4.854	0	4.854
Lífeyrisskuldbinding hækkun	21.834	0	21.834
Annar rekstrarkostnaður	650.891	307.507	343.384
	1.455.670	307.507	1.148.163
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir	( 185.917 )	( 307.507 )	121.590
Afskriftir	( 59.931 )	0	( 59.931 )
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	( 245.848 )	( 307.507 )	61.659
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	( 100.861 )	0	( 100.861 )
<b>Rekstrarniðurstaða ársins (neikvæð)</b>	<b>( 346.709 )</b>	<b>( 307.507 )</b>	<b>( 39.202 )</b>

Fjárhagsáætlun ársins 2018 var samþykkt við síðari umræðu í bæjarstjórn þann 7. desember 2017.

Breytingar á áætluninni (viðaukar) voru gerðar með sérstökum samþykktum bæjarstjórnar á árinu.

Á árinu 2018 voru samþykktir viðaukar við fjárhagsáætlun 2018 sem fólu meðal annars í sér framlög til B hluta fyrirtækja sveitarfélagsins auk varúðarniðurfærslu á kröfur Aðalsjóðs á Dvalarheimili aldraðra í Stykkishólmi. Um er að ræða verulegar fjárhæðir. Áhrif þeirra má sjá á meðfylgjand yfirliti.

Fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2018 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi, sjóðstreymisyfirliti, skýringum og lykiltölum.

# Niðurstaða í samanburði við fjárhagsáætlun, viðaukar, frh.



Áhrif viðauka á eignir A hluta 31.12.2018			
	Ársreikningur 2018	Áhrif viðauka 2 og 3	Afkoma án viðauka
Eignarhlutir í félögum	171.617	69.024	102.593
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki	51.088 (	301.507 )	352.595
Skammtímakröfur á eigin fyrirtæki	33.248 (	75.024 )	108.272
Næsta árs afborganir eigin fyrirtæki	20.031	0	20.031

Áhrif viðauka á efnahagsreikning A hluta 31.12.2018			
Heildareignir	2.913.329 (	307.507 )	3.220.836
Eigið fé	979.302 (	307.507 )	1.286.809
Heildarskuldir	1.934.027	0	1.934.027

Áhrif viðauka á lykiltölur A hluta 31.12.2018			
Rekstrarjöfnuður 2016-2018	( 295.034 )	307.507	12.473
Skuldaviðmið	119%	6%	113%
Framlegðarhlutfall	( 14,6% )	24%	9,6%
Eiginfjárlutfall	33,6%	6%	40,0%

Fjárhagsáætlun ársins 2018 var samþykkt við síðari umræðu í bæjarstjórn þann 7. desember 2017.

Breytingar á áætluninni (viðaukar) voru gerðar með sérstökum samþykktum bæjarstjórnar á árinu.

Á árinu 2018 voru samþykktir viðaukar við fjárhagsáætlun 2018 sem fólu meðal annars í sér framlög til B hluta fyrirtækja sveitarfélagsins auk varúðarniðurfærslu á kröfur Aðalsjóðs á Dvalarheimili aldraðra í Stykkishólmi. Um er að ræða verulegar fjárhæðir. Áhrif þeirra má sjá á meðfylgjand yfirliti.

Fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2018 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi, sjóðstreymisyfirliti, skýringum og lykiltölum.

# Niðurstaða í samanburði við fjárhagsáætlun, A hluti



Rekstrarniðurstaða í samanburði við fjárhagsáætlun		A hluti			
	Ársreikningur 2018	Áætlun 2018 með viðaukum	Frávik frá áætlun með viðaukum	Upphafleg áætlun 2018	Frávik frá upphaflegri áætlun
Útsvar og fasteignaskattur	766.678	762.362	1%	762.362	1%
Framlög Jöfnunarsjóðs	257.452	243.011	6%	271.946	-5%
Aðrar tekjur	245.623	238.183	3%	233.102	5%
	1.269.753	1.243.556	2%	1.267.410	0%
Laun og launatengd gjöld	778.091	756.119	3%	731.312	6%
Framlag vegna A deildar Brúar	4.854	4.838	100%	4.838	100%
Lífeyrisskuldbinding, hækkun	21.834	20.742	5%	20.742	5%
Annar rekstrarkostnaður	650.891	652.532	0%	367.083	77%
	1.455.670	1.434.231	1%	1.123.975	30%
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir	( 185.917 )	( 190.675 )	-2%	143.435	-230%
Afskriftir	( 59.931 )	( 60.102 )	0%	( 53.847 )	11%
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	( 245.848 )	( 250.777 )	-2%	89.588	-374%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	( 100.861 )	( 54.114 )	86%	( 50.429 )	100%
<b>Rekstrarniðurstaða ársins</b>	<b>( 346.709 )</b>	<b>( 304.891 )</b>		<b>39.158</b>	

Fjárhæðir eru í þúsundum kr.

Fjárhagsáætlun ársins 2018 var samþykkt við síðari umræðu í bæjarstjórn þann 7. desember 2017.

Breytingar á áætluninni (viðaukar) voru gerðar með sérstökum samþykktum bæjarstjórnar á árinu.

Fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2018 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi, sjóðstreymisýfirliti, skýringum og lykiltölum.

# Niðurstaða í samanburði við fjárhagsáætlun, A og B hluti



Rekstrarniðurstaða í samanburði við fjárhagsáætlun			A og B hluti		
	Ársreikningur 2018	Áætlun 2018 með viðaukum	Frávik frá	Upphafleg	Frávik frá
			áætlun með viðaukum	áætlun 2018	upphaflegri áætlun
Útsvar og fasteignaskattur	761.895	762.362	0%	762.362	0%
Framlög Jöfnunarsjóðs	257.452	243.011	6%	271.946	-5%
Aðrar tekjur	593.422	592.957	0%	589.876	1%
	1.612.769	1.598.330	1%	1.624.184	-1%
Laun og launatengd gjöld	988.683	955.251	3%	930.445	6%
Framlag vegna A deildar Brúar	4.854	4.838	100%	4.838	100%
Lífeyrisskuldbinding, hækkun	21.834	20.742	100%	20.742	100%
Annar rekstrarkostnaður	410.791	428.525	-4%	450.136	-9%
	1.426.162	1.409.356	1%	1.406.161	1%
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir	186.607	188.974	-1%	218.023	-14%
Afskriftir	( 78.215 )	( 78.779 )	-1%	( 74.505 )	5%
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	108.392	110.195	-2%	143.518	-24%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	( 112.283 )	( 75.062 )	50%	( 80.389 )	40%
Afkoma hlutdeildarfélags	9.404	8.000	100%	8.000	100%
<b>Rekstrarniðurstaða ársins</b>	<b>5.513</b>	<b>43.133</b>		<b>71.129</b>	

Fjárhæðir eru í þúsundum kr.

Fjárhagsáætlun ársins 2018 var samþykkt við síðari umræðu í bæjarstjórn þann 7. desember 2017.

Breytingar á áætluninni (viðaukar) voru gerðar með sérstökum samþykktum bæjarstjórnar á árinu.

Fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2018 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi, sjóðstreymisyfirliti, skýringum og lykiltölum.

# Niðurstaða í samanburði við fjárhagsáætlun, fjárfestingar



Fjárfesting í samanburði við áætlun			
A hluti	Fjárfesting 2018	Fjárfestingaráætlun með viðaukum upphafleg	
<b>Fasteignir og önnur mannvirki</b>			
Amtsbókasafn, grunnskóli, og tónlistarskóli	45.698	70.000	50.000
Leikskólinn Bakki	3.509	1.000	0
Reiðskemma	4.000	4.000	4.000
Snoppa sorpflokkunarsvæði, endurnýjun húss	4.468	2.500	2.500
Þjónustuhús tjaldsvæði, endurbætur	624	2.000	2.000
Eldfjallasafn, endurbætur	0	10.000	10.000
Íþróttahús, búningssklefar og hönnun vallar	4.136	0	0
HI. bæjarsjóðs v færslu Dvalarheimilis	0	0	50.000
Dvalarheimili, endurbætur	0	1.000	500
Annað ófyrirséð	2.131	4.000	7.000
<b>Fasteignir og önnur mannvirki samtals</b>	<b>64.566</b>	<b>94.500</b>	<b>126.000</b>
<b>Gatna- og veitumannvirki:</b>			
Gatnaframkvæmdir	24.359	44.000	75.000
Gatnagerðargjöld	( 11.740 )	( 13.000 )	( 80.000 )
Deiliskipulag	4.748	3.000	3.000
<b>Gatna- og veitumannvirki samtals</b>	<b>17.368</b>	<b>34.000</b>	<b>( 2.000 )</b>
<b>Áhöld og tæki:</b>			
Áhaldahús, vélar og tæki	8.657	6.000	6.000
Tónlistarskóli, húsbúnaður	1.202	0	0
Ráðhús, tölvu- og símabúnaður	7.701	0	0
Brunavarnir, búnaður	0	3.000	3.000
Íþróttahús, áhöld og tæki	3.246	0	0
Leikvellir, tæki og lagfæringar	929	2.000	2.000
<b>Áhöld og tæki samtals</b>	<b>21.735</b>	<b>11.000</b>	<b>11.000</b>
<b>Fjárfesting A hluta samtals</b>	<b>103.669</b>	<b>139.500</b>	<b>135.000</b>

Fjárhæðir eru í þúsundum kr.

Fjárhagsáætlun ársins 2018 var samþykkt við síðari umræðu í bæjarstjórn þann 7. desember 2017.

Breytingar á áætluninni (viðaukar) voru gerðar með sérstökum samþykktum bæjarstjórnar á árinu.

Fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2018 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi, sjóðstreymisýfirliti, skýringum og lykiltölum.

# Niðurstaða í samanburði við fjárhagsáætlun, fjárfestingar



Fjárfesting í samanburði við áætlun			
B hluti	Fjárfesting 2018	Fjárfestingaráætlun með viðaukum upphafleg	
<b>Hafnarsjóður:</b>			
Stykkishöfn, hönnun og framkvæmdir	0	1.000	0
Stykkishöfn, skipulag og búnaður v/gjaldsk. bílastæða	0	2.000	2.000
Hafnarsvæði Skipavíkur -iðnaðarsvæði hönnun og framl	0	0	8.500
Ferjuhöfn í Súgandisey, gangbraut að ferju	0	4.500	4.500
<b>Hafnarsjóður samtals</b>	<b>0</b>	<b>7.500</b>	<b>15.000</b>
<b>Dvalarheimili:</b>			
Framkvæmdakostnaður	1.728	0	0
<b>Dvalarheimili samtals</b>	<b>1.728</b>	<b>0</b>	<b>0</b>
<b>Fráveita:</b>			
Framkvæmdakostnaður	13.327	12.000	12.000
<b>Fráveita samtals</b>	<b>13.327</b>	<b>12.000</b>	<b>12.000</b>
<b>Fjárfesting B hluta samtals</b>	<b>15.055</b>	<b>19.500</b>	<b>27.000</b>
<b>Fjárfesting A og B hluta samtals</b>	<b>118.724</b>	<b>159.000</b>	<b>162.000</b>

Fjárhæðir eru í þúsundum kr.

Fjárhagsáætlun ársins 2018 var samþykkt við síðari umræðu í bæjarstjórn þann 7. desember 2017.

Breytingar á áætluninni (viðaukar) voru gerðar með sérstökum samþykktum bæjarstjórnar á árinu.

Fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2018 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi, sjóðstreymisýfirliti, skýringum og lykiltölum.



Rekstrarreikningur fyrir árið 2018	A hluti		A og B hluti	
	2018	2017	2018	2017
Útsvar og fasteignaskattur	766.678	712.960	761.895	708.559
Framlög Jöfnunarsjóðs	257.452	233.349	257.452	233.349
Aðrar tekjur	245.623	220.282	593.422	539.497
	1.269.753	1.166.591	1.612.769	1.481.405
Laun og launatengd gjöld	778.091	715.601	988.683	912.470
Framlag vegna A deildar Brúar	4.854	41.462	4.854	41.462
Lífeyrisskuldbinding, hækkun	21.834	16.920	21.834	16.920
Annar rekstrarkostnaður	650.891	322.887	410.791	399.141
	1.455.670	1.096.870	1.426.162	1.369.993
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir	( 185.917 )	69.721	186.607	111.412
Afskriftir	( 59.931 )	( 46.914 )	( 78.215 )	( 65.036 )
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	( 245.848 )	22.807	108.392	46.376
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	( 100.861 )	( 25.034 )	( 112.283 )	( 64.162 )
Afkoma hlutdeildarfélag	0	0	9.404	8.898
<b>Rekstrarniðurstaða ársins</b>	<b>( 346.709 )</b>	<b>( 2.227 )</b>	<b>5.513</b>	<b>( 8.887 )</b>

Fjárhæðir eru í þúsundum kr.

## Framlegð ársins

Rekstrarniðurstaða ársins, fyrir afskriftir og fjármagnsliði, nam 186,6 millj. kr., samanborið við 111,4 millj. kr. á fyrra ári.

Framlegðarhlutfall ársins nemur 11,6% samanborið við 7,5% á fyrra ári.

Rétt er að benda á að framlegðarhlutfall ársins 2017 var undir nokkrum áhrifum af gjaldfærslu vegna framlags til Brúar lífeyrissjóðs (2,8%).

Við viljum benda á samhengi framlegðarhlutfalls og getu sveitarfélagsins til að skuldbindingum sem á því hvíla.

Efnahagsreikningur 31. desember 2018				
Eignir	A hluti		A og B hluti	
	31.12.2018	31.12.2017	31.12.2018	31.12.2017
Varanlegir rekstrarfjármunir	2.360.978	2.216.708	2.666.061	2.525.018
Eignarhlutir og stofnframlög	171.617	127.593	168.691	157.127
Fyrirframreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs	126.332	0	126.332	0
Langtímakröfur	0	284	0	284
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki	51.088	395.855	0	0
<b>Fastafjármunir</b>	<b>2.710.015</b>	<b>2.740.440</b>	<b>2.961.084</b>	<b>2.682.429</b>
Óinnheimtar tekjur	76.883	98.010	93.622	109.811
Skammtímakröfur á eigin fyrirtæki	33.247	5.745	0	0
Næsta árs afborganir eigin fyrirtæki	20.031	31.193	0	0
Næsta árs afborganir langtímakrafna	783	783	783	783
Aðrar skammtímakröfur	5.224	2.716	5.224	2.716
Næsta árs gjald. v. Brúar lífeyrissjóðs	4.854	0	4.854	0
Handbært fé	62.292	39.464	63.530	39.670
<b>Veltufjármunir samtals</b>	<b>203.314</b>	<b>177.911</b>	<b>168.012</b>	<b>152.981</b>
<b>Eignir samtals</b>	<b>2.913.329</b>	<b>2.918.351</b>	<b>3.129.096</b>	<b>2.835.410</b>

Fjárhæðir eru í þúsundum kr.

## Heildareignir

Heildareignir námu 3.129 millj. kr. í árslok 2018 en námu 2.835 millj. kr. í árslok 2017, eða hækkun um 293,7 millj. kr. á milli ára.

Munar þar mest um fjárfestingu í varanlegum rekstrarfjármunum að fjárhæð 119 millj. kr. og fyrirframreiðslu Brúar 131 millj. kr.

Efnahagsreikningur 31. desember 2018		A hluti		A og B hluti	
Eigið fé og skuldir		31.12.2018	31.12.2017	31.12.2018	31.12.2017
Eignfjárreikningur		979.302	1.222.584	806.916	697.977
	<b>Eigið fé</b>	<b>979.302</b>	<b>1.222.584</b>	<b>806.916</b>	<b>697.977</b>
Lífeyrisskuldbinding		242.355	232.740	242.355	232.740
Búseturéttur		0	0	67.150	65.046
Skuldir við lánastofnanir		1.304.119	968.349	1.654.202	1.323.376
	<b>Langtímaskuldir og skuldbindingar</b>	<b>1.546.474</b>	<b>1.201.089</b>	<b>1.963.706</b>	<b>1.621.162</b>
Skuldir við lánastofnanir		0	50.083	0	50.083
Skuldir við eigin fyrirtæki		53.124	46.086	0	0
Næsta árs afborganir langtímaskulda		137.745	126.923	155.036	187.965
Næsta árs greiðslur lífeyrisskuldbindingar		10.349	8.895	10.349	8.895
Aðrar skammtímaskuldir		186.334	262.690	193.088	269.328
	<b>Skammtímaskuldir</b>	<b>387.553</b>	<b>494.678</b>	<b>358.473</b>	<b>516.271</b>
	<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<b>2.913.328</b>	<b>2.918.351</b>	<b>3.129.096</b>	<b>2.835.410</b>

Fjárhæðir eru í þúsundum kr.

## Eigið fé

Eigið fé nam 807 millj. kr. í árslok, samanborið við 698 millj. kr. á fyrra ári.

Breytingin skýrist af afkomu ársins sem var jákvæð um 5,5 millj. kr. og endurmati lóða og lendna sem nam 103,4 millj. kr. á árinu 2018.

Eignfjárhlutfall er 25,8% í árslok.

## Heildarskuldir

Heildarskuldir og skuldbindingar námu 2.322 millj. kr. í árslok 2018 samanborið við 2.137 millj. kr. árið áður.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2018	A hluti		A og B hluti	
	2018	2017	2018	2017
<b>Rekstrarhreyfingar</b>				
Rekstrarniðurstaða	( 346.709 )	( 2.227 )	5.513	( 8.887 )
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi	148.014	78.981	151.908	98.925
<b>Veltufé (til) frá rekstri</b>	<b>( 198.695 )</b>	<b>76.754</b>	<b>157.421</b>	<b>90.038</b>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	( 199.687 )	83.468	( 204.508 )	78.253
<b>Handbært fé (til) frá rekstri</b>	<b>( 398.382 )</b>	<b>160.221</b>	<b>( 47.087 )</b>	<b>168.291</b>
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>				
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	( 103.669 )	( 370.754 )	( 118.724 )	( 380.631 )
Söluverð seldra rekstrarfjármuna	800	0	800	0
Eignarhlutir í félögum, breyting	( 69.024 )	0	( 2.160 )	( 2.700 )
Langtímakröfur, breyting	284	0	284	0
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki, breyting	361.168	( 334.173 )	0	0
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>	<b>189.559</b>	<b>( 704.927 )</b>	<b>( 119.800 )</b>	<b>( 383.331 )</b>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>				
Skuldir við lánastofnanir, breyting	( 50.083 )	50.083	( 50.083 )	50.083
Tekin ný langtímalán	431.600	310.000	431.600	310.000
Afborganir langtímalána	( 129.401 )	( 118.633 )	( 190.770 )	( 178.197 )
Viðskiptastaða eigin fyrirtækja, breyting	( 20.464 )	270.102	0	0
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>	<b>231.651</b>	<b>511.552</b>	<b>190.747</b>	<b>181.886</b>
<b>(Lækkun) hækkun á handbæru fé</b>	<b>22.829</b>	<b>( 33.154 )</b>	<b>23.860</b>	<b>( 33.154 )</b>
<b>Handbært fé í ársbyrjun</b>	<b>39.464</b>	<b>72.617</b>	<b>39.670</b>	<b>72.823</b>
<b>Handbært fé í árslok</b>	<b>62.292</b>	<b>39.464</b>	<b>63.530</b>	<b>39.670</b>

Fjárhæðir eru í þúsundum kr.

## Veltufé og handbært fé frá rekstri

Veltufé frá rekstri nam 157,4 millj. kr. á árinu, samanbórið við 90,0 millj. kr. á fyrra ári.

Handbært fé til rekstrar nam 47,1 millj. kr. á árinu samanbórið við shandbært fé frá rekstri 168,3 millj. kr. á fyrra ári.

Fyrirframgreiðsla v. uppgjörs við Brú lífeyrissjóð er færð meðal breytinga á rekstrartengdum eignum og skuldum.

Sjá nánari sundurliðun í sjóðstreymisyfirliti í ársreikningi.

## Fjárfestingahreyfingar

Fjárfesting í rekstrarfjármunum námu 118,7 millj. kr. á árinu og eru greindar nánar í skýringu 8 í ársreikningi.

## Fjármögnunarhreyfingar

Afborganir af langtímalánum námu 190,8 millj. kr. Lántaka nam 431,6 millj. kr.

# Rekstur A hluta stofnana á árinu 2018

Aðalsjóður			
	2018	2017	Breyting á milli ára
Rekstrartekjur	1.322.562	1.227.197	7,8%
Rekstrargjöld	( 1.667.862 )	( 1.282.883 )	30,0%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	9.692	50.400	-80,8%
<b>Rekstrarniðurstaða (</b>	<b>335.609 )</b>	<b>5.286 )</b>	

Fjárhæðir eru í þúsundum kr.

Eignasjóður			
	2018	2017	Breyting á milli ára
Rekstrartekjur	240.136	210.964	13,8%
Rekstrargjöld	( 138.493 )	( 120.001 )	15,4%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	( 106.079 )	( 71.489 )	48,4%
<b>Rekstrarniðurstaða (</b>	<b>4.436 )</b>	<b>19.474 )</b>	

Fjárhæðir eru í þúsundum kr.

Þjónustumiðstöð			
	2018	2017	Breyting á milli ára
Rekstrartekjur	51.619	41.830	23,4%
Rekstrargjöld	( 53.809 )	( 54.301 )	-0,9%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	( 4.473 )	( 3.945 )	13,4%
<b>Rekstrarniðurstaða (</b>	<b>6.664 )</b>	<b>16.415 )</b>	

Fjárhæðir eru í þúsundum kr.

## Sundurliðunarbók

Vísað er til sundurliðunarbókar með ársreikningi varðandi nánar upplýsingar um stofnanir og fyrirtæki sveitarfélagsins, málaflokka og deildir.

## Eignasjóður

Rekstrarniðurstaða Eignasjóðs var neikvæð um 4,4 millj. kr. á árinu 2018

Skuld sjóðsins við Aðalsjóð nam í árslok 122,0 millj. kr.

## Þjónustumiðstöð

Rekstrarniðurstaða Þjónustumiðstöðvar var neikvæð um 6,7 millj. kr. á árinu 2018.

Skuld Þjónustumiðstöðvar við Aðalsjóð nam í árslok 104,5 millj. kr.

Viljum við vekja athygli á mikilvægi þess að gjaldskrá og verkþókhald sé sett þannig upp að einingin hafi á hverjum tíma nægar tekjur til að mæta kostnaði við rekstur hennar.

# Rekstur B hluta fyrirtækja á árinu 2018

Hafnarsjóður			
	2018	2017	Breyting á milli ára
Rekstrartekjur	56.279	54.824	2,7%
Rekstrargjöld	( 41.588 )	( 38.104 )	9,1%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	( 1.634 )	( 2.055 )	-20,5%
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>13.057</b>	<b>14.666</b>	

Fjárhæðir eru í þúsundum kr.

Fráveita			
	2018	2017	Breyting á milli ára
Rekstrartekjur	35.477	29.633	19,7%
Rekstrargjöld	( 11.344 )	( 13.795 )	-17,8%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	( 6.221 )	( 5.789 )	7,5%
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>17.912</b>	<b>10.050</b>	

Fjárhæðir eru í þúsundum kr.

Félagslegar íbúðir			
	2018	2017	Breyting á milli ára
Rekstrartekjur	9.652	8.641	11,7%
Rekstrargjöld	( 5.817 )	( 7.571 )	-23,2%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	( 3.633 )	( 4.901 )	-25,9%
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>202</b>	<b>( 3.831 )</b>	
Framlag frá Aðalsjóði	48.906	0	
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>49.108</b>	<b>( 3.831 )</b>	

Fjárhæðir eru í þúsundum kr.

## Hafnarsjóður

Rekstur Hafnarsjóðs var jákvæður um 13,1 millj. kr. á árinu 2018 samanborið við 14,7 millj. kr. 2017.

Í árslok 2018 nam krafa Hafnarsjóðs á hendur Aðalsjóði um 25,1 millj. kr. samanborið við 19,2 millj. kr. í árslok 2017.

## Almennt um B hluta fyrirtæki

Við teljum mikilvægt að stjórnendur yfirfari kröfur A hluta á B hlutafyrirtæki með tilliti til innheimtanleika. Séu líkur ekki taldar til innheimtanleika er rétt að brugðist sé við með sérstökum framlögum eða beinni niðurfærslu á kröfueign A hluta. Ella er hættu á að eignir í A hluta séu ofmetnar.

# Rekstur B hluta fyrirtækja á árinu 2018 (frh.)

Dvalarheimili			
	2018	2017	Breyting á milli ára
Rekstrartekjur	256.657	228.973	12,1%
Rekstrargjöld	( 261.772 )	( 246.725 )	6,1%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	( 14.063 )	( 8.877 )	58,4%
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>( 19.178 )</b>	<b>( 26.629 )</b>	

Fjárhæðir eru í þúsundum kr.

Þjónustuibúðir			
	2018	2017	Breyting á milli ára
Rekstrartekjur	17.384	16.557	5,0%
Rekstrargjöld	( 7.845 )	( 8.534 )	-8,1%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	( 10.770 )	( 7.200 )	49,6%
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>( 1.230 )</b>	<b>824</b>	

Fjárhæðir eru í þúsundum kr.

Framkvæmdasjóður			
	2018	2017	Breyting á milli ára
Rekstrargjöld	( 351 )	( 331 )	5,9%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	( 102 )	( 10.306 )	-99,0%
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага	0	8.898	
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>( 452 )</b>	<b>( 1.739 )</b>	
Framlag frá Aðalsjóði	172.601	0	
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>172.148</b>	<b>( 1.739 )</b>	

Fjárhæðir eru í þúsundum kr.

## Dvalarheimili

Rekstur Dvalarheimilis var neikvæður um 19,2 millj. kr. á árinu 2018 samanborið við 26,7 millj. kr. 2017.

Í árslok 2018 nam krafa Aðalsjóðs á hendur Dvalarheimili um 122,0 millj. kr. samanborið við 86,9 millj. kr. í árslok 2017.

Hér er um að ræða heildarskuld Dvalarheimilis við Aðalsjóð án niðurfærslu sem færð er í Aðalsjóði í samræmi við mat stjórnenda á innheimtanleika.

## Framkvæmdasjóður

Afkoma Framkvæmdasjóðs fyrir framlag frá Aðalsjóði er neikvæð sem nemur 452 þús. kr. Á árinu var tekin ákvörðun um að leggja sjóðinn niður, flytja eignarhluti í hans eigu inn í Aðalsjóð og gera þannig upp hluta skuldbindinga sjóðsins gagnvart Aðalsjóði. Framlag sem fært er til tekna á árinu í sjóðnum dugir til uppgjors á eftirstöðvum skulda gagnvart Aðalsjóði.

# Áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármögnun 2019-2022



- Fjárhagsáætlanir sveitarfélaga eru eitt mikilvægasta stjórnþæki þeirra. Samkvæmt sveitastjórnarlögum tekur áætlanagerðin til næstu fjögurra ára.
- Stefna stjórnenda til lengri tíma birtist þannig í fjárhagsáætlun sem er nánar útfærð í áætlun næsta árs.
- Bæjarstjórn hefur afgreitt áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármögnun fyrir sveitarfélagið allt til ársins 2022 eins og sveitarstjórnarlög mæla fyrir um.
- Óhjákvæmilegt getur verið að gera viðauka við fjárhagsáætlun innan ársins. Gæta þarf þess að ef slíkir viðaukar eru samþykktir að bókanir vegna þeirra séu skýrar og að fram komi hvernig mæta eigi auknum útgjöldum eða öðrum breytingum er varða fjárhag sveitarfélagsins.
- Mikilvægt er að viðaukar við fjárhagsáætlun séu samþykktir áður en til útgjalda kemur svo ekki leiki vafi á heimildum stjórnenda til ráðstöfun fjármuna.
- Bæjarstjórn og stjórnendur sveitarfélagsins geta með ákvörðunum sínum og aðgerðum haft áhrif á launakostnað og annan rekstrarkostnað. Að einhverju leyti kunna hendur stjórnenda að vera bundnar hvað þessi liði varðar t.d. vegna kjarasamninga við launþega og vegna rekstrar- og þjónustusamninga.
- Fjárhagsáætlun sveitarfélagsins árin 2019 til 2022 gerir ráð fyrir verulegum bata í framlegð samanborið við afkomu ársins 2018 og er gert ráð fyrir að sá bati skili sér að verulegu leyti í auknu veltufé frá rekstri

- Samkvæmt samþykktum fjárhagsáætlunum árána 2019-2022 er gert ráð fyrir verulegum viðsnúningi í rekstri með hliðsjón af rauntölum 2018. Markmið þessi eru metnaðarfull og því mikilvægt að bæjarstjórn taki nauðsynlegar ákvarðanir til að tryggja að þau náist.
- Tryggja þarf að veltufé frá rekstri dugi til greiðslu afborgana af langtímalánum og öðrum skuldbindingum.
- Samkvæmt samþykktum áætlunum er gert ráð fyrir fjárfestingu á árunum 2019 til 2022 samtals að fjárhæð 483,0 millj. kr. í A og B hluta.
- Framangreind fjárfesting verður samkvæmt áætluninni fjármögnuð með veltufé frá rekstri og lántökum.
- Heildarlántaka á tímabilinu nemur 55 millj. kr.
- Mikilvægt er að yfirfara samþykktar áætlanir með hliðsjón af fyrirliggjandi niðurstöðu ársins 2018, fjármögnun skammtímaskulda til greiðslu næstu 12 mánaða sem og áætlaðra fjárfestinga.




# Áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármögnun 2019-2022 (frh.)

Hér að neðan má sjá þróun rekstrar og veltufjár frá rekstri til ársins 2022 í samanburði við fjárþörf vegna greiðslubyrði lána og fjárfestinga A og B hluta samkvæmt samþykktri áætlun. Fjárhæðir eru birtar í þús. kr.

	Ársreikningur 2017	Ársreikningur 2018	Áætlun 2019	Áætlun 2020	Áætlun 2021	Áætlun 2022
Rekstrartekjur .....	1.481.405	1.612.769	1.727.158	1.779.140	1.832.159	1.886.768
Rekstrargjöld án afskrifta .....	( 1.369.993 )	( 1.426.162 )	( 1.481.097 )	( 1.516.335 )	( 1.553.384 )	( 1.588.960 )
Afkoma fyrir afskriftir .....	111.412	186.607	246.061	262.805	278.775	297.808
Afskriftir .....	( 65.036 )	( 78.215 )	( 80.041 )	( 84.582 )	( 90.932 )	( 98.207 )
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld .....	( 64.162 )	( 112.283 )	( 109.262 )	( 83.678 )	( 78.339 )	( 66.627 )
Hlutdeild minnihluta í rekstri .....	8.898	9.404	0	0	0	0
<b>Rekstrarniðurstaða .....</b>	<b>( 8.887 )</b>	<b>5.513</b>	<b>56.759</b>	<b>94.545</b>	<b>109.503</b>	<b>132.973</b>
Rekstrarjöfnuður á þriggja ára tímabili .....	34.454	40.289	53.385	156.817	260.807	337.020
Veltufé frá rekstri, skv. sjóðstreymi .....	90.038	157.421	230.242	265.176	277.429	301.273
Afborganir langtímalána og skuldbindinga .....	( 187.802 )	( 201.534 )	( 149.281 )	( 152.643 )	( 146.174 )	( 144.273 )
<b>Greiðsluafgangur (fjárþörf) .....</b>	<b>( 97.764 )</b>	<b>( 44.113 )</b>	<b>80.961</b>	<b>112.533</b>	<b>131.255</b>	<b>157.000</b>
<b>Uppsafnaður greiðsluafgangur 2019-2022, eftir afborganir lána .....</b>			<b>80.961</b>	<b>193.494</b>	<b>324.749</b>	<b>481.749</b>
Fjárfestingarhreyfingar tímabilsins 2019-2022 .....			( 107.482 )	( 125.162 )	( 145.162 )	( 105.162 )
<b>Uppsöfnuð fjárþörf 2019-2022, vegna fjárfestingar .....</b>			<b>( 107.482 )</b>	<b>( 232.644 )</b>	<b>( 377.806 )</b>	<b>( 482.968 )</b>
<b>Uppsöfnuð fjárþörf 2019-2022 .....</b>			<b>( 26.521 )</b>	<b>( 39.150 )</b>	<b>( 53.057 )</b>	<b>( 1.219 )</b>
<b>Uppsöfnuð lántaka 2019-2022 .....</b>			<b>45.000</b>	<b>55.000</b>	<b>55.000</b>	<b>55.000</b>
<b>Uppsafnaður greiðsluafgangur 2018-2021 (óþjármögnuð fjárþörf í áætlunum) .....</b>			<b>18.479</b>	<b>15.850</b>	<b>1.943</b>	<b>53.781</b>
Heildarskuldir .....	2.137.433	2.322.180	2.308.887	2.249.940	2.178.432	2.101.858
Skuldahlutfall, skv. skilgreiningu í reglugerð .....	144%	144%	134%	126%	119%	111%
Skuldaviðmið, skv. skilgreiningu í reglugerð .....	138%	120%	109%	104%	98%	89%

# Rekstrarjöfnuður á þriggja ára tímabili

## Rekstrarjöfnuður á þriggja ára, í þús. kr.




Samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 ber sveitarstjórn að sjá til þess að rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eigna og sjóða sé þannig hagað á hverjum tíma að sveitarfélagið muni til framtíðar geta sinnt skyldubundnum verkefnum sínum (64. gr.).

Framangreindri skyldu skulu sveitarstjórnir m.a. fullnægja með því að heildarútgjöld til rekstrar vegna A og B hluta séu á hverju þriggja ára tímabili ekki hærri en nemur samanlögðum reglulegum tekjum.

Eftirfarandi stöplarit sýnir yfirlit um þróun rekstrarjafnaðar fyrir A hluta annars vegar og samantekinn A og B hluta hins vegar.

Árin 2016, 2017 og 2018 er rekstrarniðurstaða miðuð við ársreikning viðkomandi árs, en 2019 til 2022 í samræmi við áætlaða rekstrarniðurstöðu í samþykktum áætlunum sveitarfélagsins.

## Framlegðarhlutfall



Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga skal við yfirferð sína á ársreikningum og fjárhagsáætlunum sveitarfélaga, athuga hvort sveitarfélag uppfyllir viðmið um rekstur og skuldastöðu, sbr. 64. gr. sveitarstjórnarlaga. Sama á við um viðauka við fjárhagsáætlun ef þeir hafa áhrif á rekstrarniðurstöðu eða skuldastöðu sveitarfélagsins. Athugun á skilgreindum viðmiðum og lykiltölum eru meðal annarra þátta grundvöllur heildarmats eftirlitsnefndar á fjárhagsstöðu og fjárhagslegri sjálfbærni sveitarfélaga.


Ein af þeim lykiltölum sem miðað er við er framlegð sem hlutfall af reglulegum tekjum. Framlegð er samkvæmt skilgreiningu reglulegar tekjur að frádragnum rekstrargjöldum, en án afskrifta, fjármunatekna og fjármagnsgjalda.

Eftirfarandi línurit sýnir yfirlit um þróun framlegðarhlutfalls fyrir A hluta annars vegar og samantekinn A og B hluta hins vegar.

Árin 2016, 2017 og 2018 er rekstrarniðurstaða miðuð við ársreikning viðkomandi árs, en 2019 til 2022 í samræmi við áætlaða rekstrarniðurstöðu í samþykktum áætlunum sveitarfélagsins.

Að okkar mati er rétt að meta framlegðarhlutfall sveitarfélags í samhengi við skuldahlutfall þess.


## Skuldir og skuldbindingar í þús. kr.



Stöplariði sýnir yfirlit um heildarskuldir og skuldbindingar í millj. kr. fyrir A hluta annars vegar og samantekinn A og B hluta hins vegar.

Árin 2017 og 2018 eru birt í samræmi við ársreikninga viðkomandi ára, en 2019 til 2022 í samræmi við áætlaða breytingu á heildarskuldum og skuldbindingum í samþykktum áætlunum sveitarfélagsins.

## Skuldahlutfall



Samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 ber sveitarstjórn að sjá til þess að rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eigna og sjóða sé þannig hagað á hverjum tíma að sveitarfélagið muni til framtíðar geta sinnt skyldubundnum verkefnum sínum (64. gr.).

Framangreindri skyldu skulu sveitarstjórnir m.a. fullnægja með því að heildarskuldir og skuldbindingar A og B hluta séu ekki hærri en sem nemur 150% af reglulegum tekjum.


Skuldahlutfall og skuldaviðmið eru skilgreind í reglugerð um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga nr. 502/2012.

Eftirfarandi línurit sýnir yfirlit um þróun skuldahlutfalls fyrir A hluta annars vegar og samantekinn A og B hluta hinsvegar.

Árin 2017 og 2018 eru skuldir miðaðar við ársreikninga viðkomandi ára, en 2019 til 2022 í samræmi við áætlaða breytingu á heildarskuldum og skuldbindingum í samþykktum áætlunum sveitarfélagsins.

Við útreikning á hlutfallinu er miðað við rekstrartekjur samkvæmt sömu ársreikningum og áætlunum.

## Skuldaviðmið



	2017	2018	Áætlun 2019	Áætlun 2020	Áætlun 2021	Áætlun 2022
A hluti - eldra	136,8%	134,7%	133,8%	129,3%	124,4%	119,5%
A og B hluti - eldra	137,6%	130,1%	121,5%	115,4%	108,9%	102,3%
Hámark skv. lögum	150,0%	150,0%	150,0%	150,0%	150,0%	150,0%
A hluti - gildandi		118,7%	115,7%	111,7%	107,9%	99,8%
A og B hluti - gildandi		119,7%	109,2%	103,6%	98,1%	89,2%

Skuldahlutfall og skuldaviðmið eru skilgreind í reglugerð um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga nr. 502/2012.

Á árinu 2018 voru gerðar breytingar á reglugerðinni sem fela í sér að skilgreiningu á skuldaviðmiði var breytt.


Samkvæmt gildandi reglugerð skal draga veltufjármuni frá heildarskuldum við útreikning en áður var hreint veltufé dregið frá heildarskuldum við útreikning skuldaviðmiðs.

Eftirfarandi línurit sýnir yfirlit um þróun skuldaviðmiðs fyrir A hluta annars vegar og samantekinn A og B hluta hinsvegar.

Árin 2017 og 2018 eru skuldir miðaðar við ársreikninga viðkomandi ára, en 2019 til 2022 í samræmi við áætlaða breytingu á skuldum og skuldbindingum í samþykktum áætlunum sveitarfélagsins.

Við útreikning á hlutfallinu er miðað við rekstrartekjur samkvæmt sömu ársreikningum og áætlunum.

## Eiginfjárhlutfall



Línuritið sýnir eiginfjárhlutfall A hluta annars vegar og A og B hluta hins vegar.

Árin 2017 og 2018 eru sýnd samkvæmt ársreikningum viðkomandi ára, en árin 2019 til 2022 samkvæmt áætlaðri breytingu á eiginfjárhlutfalli í samþykktum fjárhagsáætlunum sveitarfélagsins.

## Mikilvægi í endurskoðun

### Mikilvægismörk í endurskoðun

- Við endurskoðun eru sett ákveðin mikilvægismörk til að ákvarða hver ásættanleg skekkja er í viðkomandi ársreikningi. Við ákvörðun mikilvægismarkna er lagt mat á hversu mikil skekkja yrði þess valdandi að upplýstur notandi ársreiknings tæki aðra ákvörðun en væri skekkjan ekki til staðar. Mikilvægið er ákvarðað í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla.
- Við skipulagningu endurskoðunar og ákvörðun um endurskoðunarnálgun beitungu við mikilvægismörkum. Mikilvægismörk eru auk þess notuð við mat á mismunum sem upp geta komið við endurskoðunina og áhrif þeirra á reikningsskilin í heild sinni.
- Við endurskoðun sveitarfélagsins höfum við ákvarðað mikilvægismörk 40 millj. kr.
- Stjórnendur eru upplýstir um leiðréttu og óleiðréttu endurskoðunarmismuni yfir 2 millj. kr.




### Endurskoðunarmismunir

- Mismunum eða skekkjum sem fram koma við endurskoðunina er safnað á sérstaka mismunalista og er lagt mat á uppsöfnuð áhrif þeirra undir lok endurskoðunarinnar.
- Mismunalistinn er lagður fyrir stjórnendur sveitarfélagsins til upplýsinga og staðfestingar. Engir mismunir komu fram í endurskoðun okkar, sem eru yfir mikilvægismörkum við endurskoðunina.



# Upplýsingar sem skylt er að veita bæjarstjórn og bæjarráði

Atriði	Viðbrögð
<b>Staðfestingarbréf stjórnenda</b>	 Við höfum ekki farið fram á sérstakar staðfestingar stjórnenda umfram þær sem koma fram í hefðbundnu staðfestingarbréfi stjórnenda fyrir árið 2018.
<b>Tengdir aðilar</b>	 Það komu ekki upp veruleg atriði vegna tengdra aðila í endurskoðun okkar.
<b>Önnur atriði sem við viljum vekja athygli á</b>	 Það er faglegt mat okkar að ekkert hafi komið fram í endurskoðuninni sem hefur veruleg áhrif á reikningsskilagerðina.
<b>Veikleikar í innra eftirliti</b>	 Við höfum greint stjórnendum frá helstu veikleikum í innra eftirliti sem komu upp við endurskoðunina.
<b>Áritun á ársreikninginn</b>	 Áritun okkar á ársreikning sveitarfélagsins verður fyrirvaralaus
<b>Sviksemi eða grunur um sviksemi, lögum og reglum ekki fylgt eða ólöglegt athæfi</b>	 Ekki hafa komið upp sviksemisatvik eða grunur um sviksemi stjórnenda sveitarfélagsins eða starfsmanna í lykilstöðum innra eftirlits sem leiðir til verulegrar skekkju í ársreikningi.

Atriði	Viðbrögð
<b>Verulegir erfiðleikar</b>	 Ekki komu upp verulegir erfiðleikar við endurskoðunina.
<b>Ágreiningur við stjórnendur eða takmörkun á umfangi</b>	 Ekki kom upp ágreiningur milli endurskoðunarteymis og stjórnenda. Stjórnendur settu ekki takmarkanir á umfang endurskoðunarinnar.
<b>Staðfesting á óhæði</b>	 Ekki kom upp brot á óhæðisreglum við endurskoðunina. Endurskoðunarteymið (og aðrir hjá KPMG sem tengjast endurskoðuninni, KPMG og ef viðeigandi, önnur aðildarfélög KPMG) hafa fylgt siðareglum um óhæði.
<b>Reikningsskila-aðferðir</b>	 Í endurskoðun okkar höfum við metið hversu viðeigandi reikningsskilareglur, reikningshaldslegt mat og skýringar eru í ársreikningi sveitarfélagsins. Almennt teljum við þessi atriði vera viðeigandi.

# Fyrirvarar

Skýrsla þessi er gerð í samræmi við skilmála ráðningarbréfs okkar um endurskoðun.

- Dreifingar skýrslunnar og takmörkun á ábyrgð
- Efni skýrslunnar er eingöngu byggt á aðgerðum sem eru nauðsynlegar í tengslum við endurskoðun okkar



## Tilgangur skýrslunnar

Skýrslan hefur verið gerð í tengslum við endurskoðun okkar á ársreikningi sveitarfélagsins fyrir árið 2018, sem gerður er í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga nr. 3/2006 og reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga nr. 1212/2015.

Skýrslan er gerð fyrir stjórnendur, sem við teljum vera bæjarstjórn og bæjarstjóra, í því skyni að upplýsa þá um atriði sem máli geta skipt samkvæmt alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum (ISA), þar á meðal samkvæmt ISA 260 *Samskipti við stjórnendur*, og önnur atriði sem við höfum komist að við endurskoðun okkar og við teljum að geti verið athygliverð, en ekki í neinu öðru skyni.

Í skýrslunni eru tilgreind lyklatríði sem við höfum komist að við endurskoðun okkar.

## Takmarkanir á vinnu

Skýrslan er aðskilin frá áritun endurskoðanda og veitir ekki nein viðbótarálit á ársreikningi sveitarfélagsins. Skýrslan bætir ekki við eða breytir skyldum okkar sem endurskoðenda.

Við höfum ekki skipulagt eða framkvæmt aðrar aðgerðir en þær sem okkur ber sem endurskoðendum í því skyni að koma auga á eða miðla til ykkar upplýsingum um þau atriði sem fram koma í þessari skýrslu.

Atriði í skýrslunni eru byggð á þekkingu sem við höfum aflað í tengslum við vinnu okkar sem endurskoðendur sveitarfélagsins. Við höfum ekki sannreynt nákvæmni eða heilleika slíkra upplýsinga að öðru leyti en því sem af okkur er krafist í tengslum við endurskoðunina.

## Takmörkun á ábyrgð

Skýrslan er gerð á þeim grundvelli að hún er aðeins í þágu stjórnenda sveitarfélagsins. Það eru þó engar takmarkanir á frekari dreifingu skýrslunnar af okkar hálfu en við samþykkjum ekki neina ábyrgð gagnvart þriðja aðila í tengslum við hana.



**[kpmg.com/app](https://kpmg.com/app)**

[kpmg.com/socialmedia](https://kpmg.com/socialmedia)

© 2019 KPMG ehf. á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Cooperative, svissnesku samvinnufélagi. Allur réttur áskilinn.

Nafn og kennimark KPMG eru skráð vörumerki KPMG International.